

fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi, eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu. 56  
30. apríl

## X. KAFLI.

### Sektarákvæði o. fl.

#### 30. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. maí 1932 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1932.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá viðvíkjandi jörðinni Viðfirði í Norð- fjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu, útgefin á venjulegan hátt 30. apríl ad man- 57  
30. apríl  
datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. apríl 1932. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**viðvíkjandi jörðinni Viðfirði í Norðfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu.**

Sá hluti ofannefndrar jarðar, sem ég á nú, sem er: fimm hundruð heil og eitt hundruð álnir að fornu mati, skal eftir minn dag vera óðalseign afkomenda minna og óseljanlegur, og skal öll meðferð á nefndum jarðarhluta fara eftir þeim reglum, sem með þessu bréfi verða settar.

1. Forgangsrétt til ábúðar á téðum jarðarhluta hefir einhver sá afkomandi minn, ef það er karlmaður, sem þarfnast þess við, og er líklegur til að standa í skilum með greiðslu á landskuld og sköttum, sem á eigninni hvíla, og halda við húsum og ræktun á jörðinni. Ef ágreiningur verður með þennan forgangsrétt, skal umráðandi eignarinnar skera úr honum.

- 57** 2. Umráðamaður téðrar eignar skal vera Jón sonur minn, meðan hann lifir, en eftir hans dag skal eignin vera undir umsjón hreppsnefndar.
30. apríl 3. Leiga eftir nefndan jarðarluta er nú kr. 52.00 árlega, en við næstu ábúð má hún ekki vera minni en 10 — tíu — krónur eftir hvert hundrað, en þó aldrei fara upp úr 15 kr. fyrir hundrað hvert, nema ef þar myndaðist atvinnurekstur, sem gæfi orsök til hækkaðs eftirgjalds. Gjaldtagi þess skal bundinn við nýár.
4. Afgjaldinu skal varið sem hér segir:
- Til lúkningar á útför minni.
  - Að innkaupa hinn hluta jarðarinnar Viðfjarðar.
  - Til áframhaldandi jarðarkaupar til að stækka óðalseign ættmennanna, sem aldrei skal koma til sölu né erfðaskipta, en ávallt heimilast einhverjum ættmennanna til ábúðar gegn venjulegu eftirgjaldi.
5. Umráðamanni ber 6% í innheimtulaun á afgjaldi nefndrar eignar, og ber honum að ávaxta það fé á tryggum stað, í sparisjóði eða banka. Honum ber einnig að annast um jarðarkaup, ef til kemur, og skal hann þá útnefna tvo menn sér til ráðuneytis og aðstoðar (ef umráðamaður er ekki hreppsnefnd samkvæmt 2. gr.). Honum ber einnig að halda glöggan reikning yfir hag sjóðsins.

Þessu til staðfestu er mín eigin undirskrift með tveim vitundarvottum.

Skorrastað, 12. júlí 1924.

Guðrún Jónsdóttir.  
(handsalað).

- 58** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningar- og líknarsjóð Ingibjargar Brynjólfsdóttur og Magnúsar prófests Bjarnarsonar, hjóna frá Prestsbakka á Síðu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 11. maí 1932. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningar- og líknarsjóð Ingibjargar Brynjólfsdóttur og Magnúsar prófests Bjarnarsonar, hjóna frá Prestsbakka á Síðu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningar- og líknarsjóður Ingibjargar Brynjólfsdóttur og Magnúsar prófests Bjarnarsonar, hjóna frá Prestsbakka á Síðu.